

Héraðsnefnd Rangæinga

Fundargerð

3. fundur Héraðsnefndar Rangæinga kjörtímabilið 2014 til 2018 haldinn í Skógum föstudaginn 12. júní 2015 kl: 16,40. Fundurinn var í framhaldi af sameiginlegum fundi með Héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu sem stóð frá kl: 13:00 til 16,40.

Mætt: Egill Sigurðsson, Ágúst Sigurðsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Birkir A Tómasson, Benedikt Benediktsson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Haraldur Eiríksson og Guðmundur Einarsson, sem ritaði fundargerð. Benedikt Benediktsson yfirgaf fundinn kl: 17,00.

Dagskrá.

1. Ársreikningar ofl.

1.1 Ársreikningur Héraðsnefndar Rangæinga. Tap af rekstri nam kr. 1.203.731, eigið fé í árslok nam kr. 260.833.247 og veltufé til rekstrar nam kr. 185.827. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.

1.2 Ársreikningur Tónlistarskóla Rangárvallasýslu. Hagnaður af restri nam kr. 7.409.725, eigið fé í árslok nam kr. 1.973.699 og veltufé frá rekstri nam kr. 9.777.714. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.

1.3 Rekstrarfyrirkomulag Tónlistarskóla Rangæinga. Fram kom að rekstrarfyrirkomulag skólans samræmist ekki núgildandi sveitarstjórnalögum. Héraðsráði falið að leggja drög að framtíðarskipan rekstrarins.

2. Fjallskilasamþykktir.

2.1 Lögð fram fjallskilasamþykkt fyrir Landmannaafrétt. Fjallskilasamþykktin var staðfest.

2.2 Lögð fram fjallskilasamþykkt fyrir Rangárvallaafrétt. Fjallskilasamþykktin var staðfest.

2.3 Lagður fram listi yfir jarðir sem hafa afnotarétt af Almenninum (lögbýli).

Héraðsnefndin gerir ekki athugasemdir við listann.

2.4 Lögð fram fallskilasamþykkt fyrir Fljótshlíðarafrétt. Fjallskilasamþykktin var staðfest.

3. Málefni eldri borgara.

Guðrún Aradóttir, formaður félags eldri borgara í Rangárvallasýslu og Þórunn Ragnarsdóttir, starfsmaður héraðsnefndar mættu til fundarins. Guðrún og Þórunn þökkðu héraðsnefnd fyrir rausnarlegan stuðning við starf eldri borgara í sýslunni og lýstu félagsstarfinu fyrir nefndarfólki.

4. Innsend erindi.

4.1 Erindi frá Gunnari Guðmundssyni, þar sem óskað er eftir fjárstyrk til útgáfu bókar um Veiðivatnasvæðið á Landmannafrétti. Samþykkt að veita kr. 100.000 styrk til verkefnisins.

4.2. Erindi frá Halldóri Gunnarssyni og Jens Sigurðssyni, þar sem óskað er eftir fjárstyrk til byggingar kirkju og menningarhúss á Hvolsvelli. Héraðsnefnd lýsir telur að um sé að ræða mjög áhugaverða hugmynd og sannarlega væri fengur að slíku húsi í héraðinu m.a. til eflingar menningarlífs. Takist heildarfjármögnun á verkefninu út frá raunhæfri kostnaðaráætlun mun héraðsnefnd leita leiða til þess að styðja verkefnið með framlagi úr héraðssjóði Rangæinga.

4.3 Erindi frá Samtökum sunnlenskra kvenna, þar sem óskað er eftir fjárstyrk. Samþykkt var að styrkja sambandið um kr. 100.000 á árinu 2015.

5. Önnur mál.

5.1 Lagðir fram minnispointar vegna myndasafns Ottós Eyfjörð. Fram kom að Skjalasafn Árnesinga hefur gert tilboð í skönnun safnsins upp á kr. 2.500.000. Helmingur fjárhæðarinnar skal greiðast í árslok 2015 og hinn hlutinn í árslok 2016. Héraðsnefnd samþykkti að taka tilboðinu.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 18,30.

Guðmundur Einarsson fundarritari.